

Ed.

92. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útvarpsráð skal kjörið þegar er lög þessi hafa tekið gildi og fellur samtímis niður umboð núverandi útvarpsráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi útvarpslögum nr. 19/1971 er mælt fyrir um, að útvarpsráð skuli kjörið til fjögurra ára. Áður voru lagaákvæðin á þann veg, að útvarpsráð skyldi kjörið eftir hverjar alþingiskosningar. Með því var tryggt að skipan útvarpsráðs, sem ber að gæta fyllstu óhlutdrægni, væri jafnan í samræmi við skipan Alþingis. Þykir rétt að hverfa á ný að þessu ráði.